

**Nd.**

## **561. Tillaga til þingsályktunar**

[248. mál]

um samkomudag Alþingis að loknum næstu kosningum.

Flm.: Matthías Bjarnason, Ragnar Arnalds, Magnús H. Magnússon,  
Matthías Á. Mathiesen, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram.

### **G re i n a r g e r ð .**

Par sem allt útlit er fyrir að breyting á stjórnarskránni verði samþykkt í samræmi við samkomulag fjögurra flokka og þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu nauðsynlegt að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar til Alþingis hafa farið fram.

Í stjórnarskrárnefndum beggja deilda þings kom það skýrt fram, að fulltrúar Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokkss töldu óhjákvæmilegt, að þing kæmi saman fljóttlega eftir næstu kosningar, og áskildu þeir sér rétt til að flytja frumvarp eða tillögu um það efni. Flutningur þessarar tillögu kemur því ekki á óvart og er staðfesting á fyrri yfirlýsingum fulltrúa flokkanna.

Tillagan er flutt af fullrúum þessara þriggja flokka í stjórnarskrárnefnd neðri deildar.